

REGLUGERÐ

um skilyrði undanþágu frá greiðslu olíugjalds.

1. gr.

Sala eða afhending á olíu, sem bætt hefur verið í litar- og/eða merkiefnum, sbr. 5. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., er undanþegin gjaldskyldu olíugjalds í eftirfarandi tilvikum og eins og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari:

1. til nota á skip og báta,
2. til húshitunar og hitunar almenningsundlauga,
3. til nota í iðnaði og á vinnuvélar,
4. til nota á dráttarvélar í landbúnaði,
5. til raforkuframleiðslu,
6. til nota á ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota og falla undir vörulið 8705 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, t.d. kranabifreiðar, borkranabifreiðar, slökkvibifreiðar, steypuhræribifreiðar, götuhreinsibifreiðar og úðunarbifreiðar,
7. til nota á vörubifreiðar með krana yfir 25 tonnmetrum.

Litaða olíu má ekki nota sem eldsneyti í öðrum tilvikum en lýst er í reglugerð þessari. Litar- og/eða merkiefni má hvorki afmá að öllu leyti né að hluta úr olíu, sbr. 1. mgr.

Notkun litaðrar olíu á skráningarskyld ökutæki, sbr. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, önnur en dráttarvélar og bifreiðar skv. 3., 4., 6. og 7. tl. 1. mgr. er óheimil.

2. gr.

Vinnuvélar.

Með vinnuvélum, sbr. 3. tl. 1. mgr. 1. gr., er átt við þær vélar sem eru eingöngu skráðar í vinnuvélastrá Vinnueftirlits ríkisins og falla því utan ökutækjaskrár. Auk þeirra teljast til vinnuvéla í skilningi 3. tl. 1. mgr. 1. gr. ökutæki sem skráð eru námubifreiðir í ökutækjaskrá og eingöngu eru notuð utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum.

3. gr.

Dráttarvél í landbúnaði.

Með dráttarvél í landbúnaði er átt við vélknúidd ökutæki sem aðallega er hannað til að draga annað ökutæki og draga, ýta, flytja og knýja vinnutæki, er á hjólum og/eða beltum, og eigi er hannað til hraðari aksturs en 40 km/klst, og eingöngu er notað utan vega eða við tilfallandi not á vegum innan landareignar lögbýlis eða í nánasta umhverfi.

4. gr.

Ökutæki ætluð til sérstakra nota.

Til þess að ökutæki ætluð til sérstakra nota falli undir undanþágu skv. 6. tl. 1. gr. skulu þau uppfylla þau skilyrði sem við eiga, í þessari grein.

Með ökutækjum ætluðum til sérstakra nota er átt við ökutæki með áföstum búnaði til þeirra nota og ekki eru ætluð til fólks- eða farmflutninga.

Með *kranabifreiðum* í 6. tl. 1. mgr. 1. gr. er átt við ökutæki sem ekki eru ætluð til fólks- eða farmflutninga enda eingöngu skráð með yfirbyggingu krana í ökutækjaskrá og aðeins nýtt fyrir krana.

Með *borkranabifreiðum* í 6. tl. 1. mgr. 1. gr. er eingöngu átt við ökutæki sem skráð eru með yfirbygginguna jarðbor í ökutækjaskrá og ekki eru ætluð til fólks- eða farmflutninga.

Með *slökkvibifreiðum* í 6. tl. 1. mgr. 1. gr. er eingöngu átt við körfubifreiðar og dælu-bifreiðar.

Með *steypuhræribifreiðum* í 6. tl. 1. mgr. 1. gr. er eingöngu átt við ökutæki sem framleiða steypu á afhendingarstað.

Með *götuhræinsibifreiðum* í 6. tl. 1. mgr. 1. gr. er átt við ökutæki sem sérstaklega eru útbúin og hönnuð til hreinsunar á götum og eingöngu eru nýtt í þeim tilgangi og á skilgreining þessi því ekki við ökutæki með útskiptanlegum götuhræinsibúnaði.

Með *úðunarbifreiðum* í 6. tl. 1. mgr. 1. gr. er eingöngu átt við ökutæki sem sérstaklega eru varanlega útbúin til úðunar vatns á götur og/eða nýframkvæmdir en ekki ökutæki með útskiptanlegum úðunarbúnaði.

5. gr.

Vörubifreiðar með krana yfir 25 tonnmetrum.

Með vörubifreiðum með krana yfir 25 tonnmetra er einungis átt við vörubifreiðar með fastan pall og án nokkurs dráttarbúnaðar. Með föstum palli er átt við vörupall sem hvorki er lyftanlegur né verði fjarlægður tímabundið. Með dráttarbúnaði er átt við stól fyrir festivagn eða krók fyrir hengi- eða tengivagn.

6. gr.

Auðkenning litaðrar olíu.

Hverjum þeim sem fær afhenta litaða olíu er skylt að auðkenna sérstaklega tank eða geymi undir litaða olíu.

7. gr.

Upplýsingagjöf.

Hver sá sem notar litaða olíu skv. reglugerð þessari og lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., skal hvenær sem óskað er eftir veita ríkisskattstjóra allar nauðsynlegar upplýsingar um að kaup á litaðri olíu og olíunotkun ökutækja í hans eigu og/eða umráðum sé í samræmi við reglugerð þessa.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 4. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., og öðlast gildi 1. júlí 2005.

Fjármálaráðuneytinu, 23. júní 2005.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Vala R. Þorsteinsdóttir.